

Endurskoðun Menningarstefnu Akureyrar: Sviðslistahópur

Inngangur:

Hér á eftir er afurð vinnuhóps um málefni sviðslistarinnar sem skipaður var af stjórn Akureyrarstofu til að setja fram áherslu atriði sem grunn að kafla um sviðslistir í endurskoðaðri menningarstefnu Akureyrarbæjar. Hópin skipuðu María Sigurðardóttir frá Leikfélagi Akureyrar, Sigyn Blöndal frá Point dansstúdíó og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir frá Menningarfélaginu Hofi. Vegna sérstakra aðstæðna tóku María og Sigyn ekki þátt seinni hluta þessara vinnu. Starfsmaður og verkstjóri hópsins var Helena Karlsdóttir en einnig vann Hulda Sif Hermannsdóttir með hópnunum.

Niðurstöðurnar skiptast í fjóra hluta

- Umfjöllun um núverandi menningarstefnu
- Svót greining - staða málaflokksins
- Framtíðarsýn
- Verkefni

Núgildandi menningarstefna

Hópurinn var sammála um að núgildandi menningarstefna hefði elst vel. Margt í stefnunni hefur verið framkvæmt og öðru fylgt eftir. Hópurinn var sammála um að kjarninn í stefnunni mætti halda sér en að einna helst mætti halda áfram með þróunina, breyta framsetningu hennar og uppfæra miðað við söðuna í dag. Nokkur atriði sem hópurinn vill að komi fram sem tengjast núverandi stefnu almennt:

- Horfa þarf til fleiri þátta en þeirra hefðbundnu í menningarstefnunni og huga betur að því hvernig samstarf menningarstofnanna og einkaaðila getur verið og hvernig aðgengi einkafyrirtækja er til stuðnings frá bæjarfélaginu.. Mikilvægt er að móta reglu um stuðning við einkafyrirtæki þegar kemur að listviðburðum.
- Jákvætt að hafa áfram inni mikla áherslu á menningu og uppeldisstarf.
- Það mætti auka áherslu á samþættingu og samstarf milli menningarstofnanna, jafnvel að skoða klasasamstarf og auka áherslu á samstarf ólíkra listgreina/forma.
- Mætti bæta inn kafla um menningu og markaðssetningu.

Svót greining - sviðslistir á Akureyri

SVÓT greining unnin 7. apríl.

Styrkleikar

- Til staðar er atvinnuleikhús
- Saga og ímynd atvinnuleikhúss er sterk
- Nýr vettvangur í Hofi getur skapað tækifæri
- Þekking og reynsla á svæðinu
- Fjölbreytilegt framboð viðburða sem eru framleiddir á svæðinu og gestasýningar
- Hlutverk stofnana er skýrt
- Gott orðspor
- Mikil þátttaka í menningu
- Skilningur á mikilvægi öflugs menningarstarfs
- Öflugt samstarf atvinnumanna og áhugamanna
- Ólík rými fyrir sviðslistir

Veikar hliðar

- Litlar einingar
- Staðsetning
- Samkomuhúsið á Akureyri hentar ekki fyrir stærri sýningar þar sem sætin eru fá og sýningarkeyrslan dýr
- Vantar aukinn stuðning við frumkvöðla og einkaaðila sem vinna að sviðlistartengdum verkefnum
- Lítt sýnilegt grasrótastarf

Ógnanir úr umhverfi

- Mikið framboð afþreyingar
- Staðsetningin. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu
- Mikill ferðakostnaður og flutningskostnaður
- Minni fjárframlög frá fyrirtækjum
- Skortur á samstöðu listamanna
- Samkeppni um fjármagnið

Tækifæri í umhverfi (þróun, vísbendingar)

- Samstarfstækifæri aðila í sviðslistum og samvinna
- Akureyri sem listabær barna og ungmenna
- Fjöldmörg tækifæri til að halda áfram að styrkja bæjarímyndina og sérstöðu bæjarins.
- Menningaráhugi er mikill
- Aukin menningarneysla
- Fjölgun gesta á viðburði tengdum sviðslistum
- Akureyrarbær sem fjölskyldubær
- Eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir listamenn að vinna í
- Markaðssetning svæðsins þar sem sérstaða þess betur fram
- Efnahagsástandið hefur breytt ferðamynstri fólks
- Breytt efnahagsástand leiðir til þess að listamenn leita nýrra leiða og tækifæra í listsköpun
- Innviðir bæjarins, styrkar stoðir í ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.

Framtíðarsýn

Að Akureyri verði áfram þekktur af metnaðarfullu sviðlistarstarfi og að á Akureyri verði rekið metnaðarfullt atvinnuleikhús sem á í viðtæku samstarfi við aðrar menningarstofnanir og styður við grasrótastarf á svæðinu.

Að menningarstofnanir sem vinna að sviðslistum stefni að því að tryggja framboð viðburða þeirra listgreina sem ekki hafa starfandi atvinnuhópa á svæðinu s.s. danssýningar, ballet, óperur. Stefnt skal að því að slíkt sé gert í samráði og samstarfi við atvinnumenn á svæðinu og félagsamtökum eða grasrótarsamtökum sem hér starfa.

Að aukið fjármagn renni til framleiðslu viðburða og að listræn þróun og stýring sé metnaðarfull þannig að samfélagið verði þekkt af þeirri framleiðslu sem hér á sér stað og að listrænir stjórnendur og listamenn sjái svæði sem eftirsóknarverða búsetukost. Að unnið verði að því að til verði, á svæðinu, sérhæfð þekking sem nauðsynleg er fyrir metnaðarfullt uppbyggingar og þróunarstarf í sviðslistum t.d. þekking á tæknimálum, ljósi, hljóði, sviðsbúnaði, markaðssetningu, framleiðslustýringu o.s.frv.

Að áfram verði unnið að því að byggja upp metnaðarfulla aðstöðu fyrir allar greinar sviðslistar. Að menningarstofnanir og aðrir aðilar sem tengjast sviðslistum standi saman að því að styðja grasrótastarf og námskeiðahald fyrir ungt fólk.

Verkefni

- Að auka samvinnuverkefni milli ólíkra listgreina á svæðinu.
- Að auka samþættingu og samstarf á milli menningarstofnana á Akureyri t.d. í markaðsmálum og tæknimálum.
- Að koma á samráðsvettvangi þar sem menning, atvinnumál og ferðaþjónusta koma saman.
- Að koma á fót menningarsumarskóla fyrir börn sambærilegan íþróttaskóla.
- Að samstarf milli stofnana um barnamenningu verði aukið.
- Að vinna að auknu samstarfi á milli Norðurlandanna.

- Að safna upplýsingum á einum stað um barnamenningu á Akureyri og gera þær upplýsingar aðgengilegri og meira áberandi.
- Koma á menningarsúpu þar sem til verður samráðsvettvangur allra listgreina sem starfa í menningarlífinu á svæðinu.